

Gyðingurinn Páll

Nýjustu viðhorf í rannsóknum á postulanum og gyðinglegu samhengi hans

Inngangur

Enginn þarf að efast um mikilvægi Páls postula og rita hans fyrir myndun og mótun kristinnar hugmyndafræði. Hitt er annað mál að boðskap hans og útfærslu á kjarnaatriðum Jesúhreyfingarinnar — hans eigin hugmyndafræði — hefur reynt torvelt að túlka. Þetta er tjáð berum orðum þegar á tímum Nýja testamentisins: Á fyrstu áratugum 2. aldar, í riti sem að líkindum er yngsta rit Nýja testamentisins, kvartar höfundur yfir því að vissir menn skrumskæli orð Páls og viðurkennir á sama tíma að það sé stundum örðugt að átta sig á boðskap postulans: „Í bréfum hans er sumt erfitt að skilja, sem fáfróðir og óstöðugir menn snúa út úr, líkt og þeir gera við aðrar ritningar, sjálfum sér til tortímingar“ (2Pét 3.16).¹ Annar höfundur í Nýja testamentinu, sem kenndur er við postulann Jakob, virðist ennfremur hafa gert tilraun til að leiðrétta ákveðinn misskilning á kenningu Páls (sbr. Róm 1.17; 3.22; 4.1–25), enda þótt hann segi það ekki berum orðum. Að hans mati er sá misskilningur uppi meðal fylgjenda Krists að til sé „trú án verka“ (Jak 2). Þessu andmælir „Jakob“ og heldur því fram að slík trú sé ekki til: „Sýndu mér trú þína án verka og ég skal sýna þér trú mína af verkum mínum“ (v. 18), því „trúin ein og sér er dauð ef hún inniheldur engin verk“ (v. 17). Hér er líklega um að ræða endurspeglun á deilum á fyrstu áratugum Jesúhreyfingarinnar um réttan skilning á boðskap Páls postula um „réttlætingu af trú“.² Hvernig má skýra það að merking boðskapar Páls hafi orðið svona umdeild strax á 1. og 2. öld? Það er ljóst að sjálfur boðskapurinn um útbreiðslu fagnaðarerindisins á meðal annarra en gyðinga var umdeildur þegar frá upphafi, bæði meðal gyðinga utan og innan Jesúhreyfingarinnar, en hvers vegna varð svona óljóst þegar fram í sótti *hvað* Páll var að segja?

Straumhvörf hafa orðið í rannsóknum síðustu 40 ára á því hver Páll postuli var og inn í hvaða samhengi hann talaði. Þessar nýju áherslur eru enn að mótast og gera það hratt. Meginspurningin varðar tengsl Páls við gyðingdóm og merkingu hins „lög málsfría“ fagnaðarerindis meðal heiðingja. Lögð er áhersla á gyðinglegt samhengi postulans og boðskapar hans og ganga sumir fræðimenn jafnvel svo langt að hafna því að Páll hafi verið „kristinn“. Að baki þessari skoðun liggur gagngert

¹ Þýðingar í þessari grein eru mínar eigin, nema annað sé tekið fram. Tilvísanir í forna texta fylgja tilvísanakerfi *The SBL Handbook of Style*.

² Tengsl Jakobsbréfs við Pál postula eru umdeild meðal fræðimanna. Í doktorsritgerð sinni um Jakobsbréf, sem varin var við Árósháskóla fyrir á þessu ári, tekur Sigurvín Lárus Jónsson almennt undir með þeim fræðimönnum sem leggja áherslu á áhrif Páls á höfund bréfsins (James among the Classicists: Reading the Letter of James in Light of Ancient Literary Criticism, óbirt doktorsritgerð við Árósháskóla, 2019, bls. 7–8).

endurmat á gyðingdómi og gyðinglegri hugmyndafræði á tímum Páls, sem í alda-
raðir hefur verið kynnt undir röngum formerkjum.

Í þessari grein verður saga rannsókna á Páli postula rakin almennt í þessu sam-
hengi og kynntar nýlegar rannsóknir á honum í tengslum við gyðinglegt samhengi
hans og boðskapar hans, rannsóknir sem lítt hafa verið kynntar hingað til hér á
landi. Yfirferð yfir þessar rannsóknir kemur til með að leiða að einu mögulegu svari
við þeirri spurningu hvers vegna hugmyndafræði Páls varð svona torskilin og
umdeild þegar á tímum Nýja testamentisins — og er að mörgu leyti enn.

Gömul en lífseig viðhorf: Trúskiptingurinn Páll sem hafnaði gyðingdómi

Gagnrýni Páls á umskurn, hið gyðinglega lögmál og „lögmálsverk“ (*erga nomou*), sem
einkum má finna í Galatabréfinu og Rómverjabréfinu, hafði mikil áhrif á túlkun
manna á megininntaki boðskapar hans, sem og á afstöðu hans gagnvart gyðing-
dómi. Var gjarnan litið svo á að Páll hefði snúið baki við gyðingdómi og snúist til
kristinnar trúar, sem samkvæmt þessum skilningi var eitthvað annað en gyðing-
dómur. Fullyrðingar í bréfum hans sýndu og sönnuðu að hann hafnaði umskurn-
inni (Róm 2.25–29; 4.9–12; Gal 2.12–14; 5.2–6; 6.12–15), lögmálinu (Róm 2.14–
15; 3.20–21, 28; 4.13–15; 10.4; Gal 2.16, 19–21; 3.2, 5, 10–14, 17–25; 5.4), sérstöðu
gyðinga (Róm 2.17–29; 3.9; Gal 3.28) og í raun gyðingdómi sem slíkum (Róm 2.17–
29; Gal 1.13–14; 2.11–21). Þetta styður svo lýsing Páls sjálfs á hegðun sinni „áður
fyrr í gyðingdóminum“ sem ofsækjandi „kirkju Guðs“ (Gal 1.13),³ sem og lýsing
Postulasögunnar á „trúhvarfi“ Páls (þá Sáls) frá gyðingdómi til kristindóms (Post
9). Samkvæmt þessari nálgun endurspeglar viðsnúningur Páls þann skilning postul-
ans að það sé grundvallarmunur á gyðingdómi og kristindómi sem getur ekki annað
en falið í sér höfnun á fyrri hefðinni.

Veigamikill áhrifaþáttur í þessari túlkun á viðhorfi Páls til gyðingdóms var
útbreidd andúð á gyðingum sem alla tíð hefur sett mark sitt á samskipti kristinna
og gyðinga, sem og á kristna túlkun á ritum Nýja testamentisins. Gyðingahatur eða
andsemítismi hefur lengi verið við lýði í mannkynssögunni.⁴ Í nútímanum náði
andúð á gyðingum að sjálfsögðu hámarki á valdatíð Adolfs Hitler og nasismans í
Þýskalandi, sem teygði anga sína víða um heim og gerir enn. Það var einmitt í kjöl-
farið á því mikla siðrofi í sögu mannkyns sem nýjatestamentisfræðingar tóku fyrir
alvöru að endurskoða hugmyndafræðilegar rætur Páls postula og rannsaka frum-
kristni sem upphaflegan hluta af gyðingdómi. En gyðingar hafa ekki alltaf verið
ofsóttir: Gyðingdómur var t.a.m. í hávegum hafður af mörgum Grikkjum og Róm-
verjum til forna,⁵ einkum sem haldbært siðferðilegt kerfi sem kenndi fólki sjálfs-
stjórn og auðmýkt, en einnig vegna þess að gyðinglegur siður byggdist á svo æva-
fornum hefðum — það kunnu Rómverjar sérstaklega að meta. En vegna þess að
gyðingar neituðu almennt að tilbiðja aðra guði en þeirra eigin guð, í umhverfi þar
sem vanvirðing við guðina og óguðrækni var beinlínis talið ógna lífi og öryggi fólks,

³ Skv. þýðingu í bibliútgáfu Hins íslenska bibliúfélags frá 2007.

⁴ Sjá almennt yfirlit í Steven Beller, *Antisemitism: A Very Short Introduction*, Oxford: Oxford University Press, 2. útg. 2015. Sjá ennfremur Peter Schäfer, *Judeophobia: Attitudes toward the Jews in the Ancient World*, Cambridge: Harvard University Press, 1997.

⁵ Sjá ítarlega umfjöllun í Louis H. Feldman, *Jew and Gentile in the Ancient World: Attitudes and Interactions from Alexander to Justinian*, Princeton: Princeton University Press, 1993.

myndaðist oft á tíðum ákveðin tortryggni í garð þeirra í samfélögum Grikkja og Rómverja og lífseigar sögur tóku að berast um að gyðingar væru vantrúaðir mannkynshatarar (*misanþrópoi*). Slíkt andrúmsloft gat skapað spennu í samfélögum og eru mörg dæmi um að gyðingar hafi verið gerðir brottrækir úr vissum borgum Rómaveldis, eins og Róm sjálfri (sbr. Post 18.2).⁶ Hafa ber í huga að þetta gildi alls ekki eingöngu um gyðinga, heldur einnig um aðra hópa fólks, eins og heimspekinga, sérstaklega Stóumenn,⁷ enda voru ástæður rómverskra yfirvalda gjarnan pólitískar og stjórnunarlegar fremur en hugmyndafræðilegar eða trúarlegar, þ.e.a.s. að koma í veg fyrir óróa og uppþot sem gat ógnað „Rómarmfriðinum“, *Pax Romana*. Einmitt af slíkum ástæðum voru viðbrögð Rómverja við uppreisn gyðinga í Júdeu árið 66 e.Kr. afar harkaleg, en þeirri uppreisn lauk með algerum sigri Rómverja árið 73 e.Kr., eftir að þeir höfðu jafnað musteri gyðinga í Jerúsalem við jörðu árið 70, en sá atburður hafði geigvænleg áhrif á þróun gyðingdóms í kjölfarið, sem og á mótun þeirrar hreyfingar sem síðar varð kristindómurinn. Eftir Bar Kochba uppreisnina svokölluðu í Júdeu árin 132–136 e.Kr. brutu Rómverjar gyðinga endanlega á bak aftur með því að leggja Jerúsalem í rúst og flytja þorra gyðinga í burtu frá Júdeu til annarra landsvæða. Rómverjar endurnefndu síðan Jerúsalem Aelia Capitolina og tóku upp heitið Palestína fyrir það landsvæði sem áður hét Júdea, og þá sem hluta af stærra landsvæði undir nafninu Sýrland-Palestína.

Jesús frá Nasaret var gyðingur frá Galíleu og fyrstu áhangendur hans voru einnig gyðingar. M.ö.o. sú hreyfing fólks sem myndaðist í kringum trúna á Jesú sem messías — Jesúhreyfingin — var gyðingleg. Margþætt þróun, þar á meðal pólitískar og efnahagslegar aðstæður eftir uppreisn gyðinga árin 66–73 e.Kr.,⁸ sem og trúarlegar hræringar eftir fall musterisins í Jerúsalem árið 70, gerir það síðan að verkum að hlutfall þessara áhangenda Jesú breytist frá því að vera gyðingar í meirihluta til þess að verða fólk af heiðnum uppruna í meirihluta (þ.e. af öðrum uppruna en gyðinglegum) — í raun nánast eingöngu af heiðnum uppruna þegar fram líða stundir. Þessi þróun á sér stað tiltölulega hratt, því að á árabílinu 110–115 e.Kr. talar Ignatíus frá Antíokkiú um átrúnað sinn sem hann kallar *christianismos* eða „kristindóm“ (Ign. *Magn.* 10; Ign. *Rom.* 3; Ign. *Phld.* 6) og lýsir honum sem algjörlega aðskildum frá *ioudaismos* eða gyðingdómi. Hann skrifar: „Ef einhver reynir að útlista gyðingdóm fyrir ykkur, hlýðið ekki á hann. Því það er betra að heyra um kristindóminn (*christianismon*) frá umskornum manni, heldur en gyðingdóm frá óumskornum“ (Ign. *Phld.* 6). Þessi 40–45 mótunarár, frá falli musterisins árið 70 þar til

⁶ Sjá t.d. Helga Botermann, *Das Judenedikt des Kaisers Claudius: Römischer Staat und Christiani im 1. Jahrhundert*, Hermes 71, Stuttgart: Franz Steiner, 1996; Leonard V. Rutgers, „Roman Policy toward the Jews: Expulsions from the City of Rome during the First Century C.E.“, *Judaism and Christianity in First-Century Rome*, ritstj. Karl P. Donfried og Peter Richardson, Grand Rapids: Eerdmans, 1998, bls. 93–116. Sjá einnig Schäfer, *Judeophobia*, bls. 180–195.

⁷ Sjá Ramsay MacMullen, *Enemies of the Roman Order: Treason, Unrest, and Alienation in the Empire*, Cambridge: Harvard University Press, 1966, bls. 46–94; Jürgen Malitz, „Philosophie und Politik im frühen Prinzipat“, *Antikens Denken — Moderne Schule: Beiträge zu den antiken Grundlagen unserer Denkens*, ritstj. H.W. Schmidt og P. Wülfing, Heidelberg: Carl Winter Universitätsverlag, 1988, bls. 151–179, hér 164–176.

⁸ Hinn svonefndi *fiscus Iudaicus* („gyðingaskatturinn“) spilar án efa einhverja rollu í þessu sambandi, en eftir fall Jerúsalem árið 70 e.Kr. var gyðingum refsað með því að skattinum sem þeir höfðu áður greitt til musterisins í Jerúsalem var breytt í skatt til rómverska musterisins Júpíter Capítólínus í Róm. Það kann að hafa haft áhrif á vilja Jesúhreyfingarinnar til að aðgreina sig frá móðurátrúnaðinum, auk þess sem félagsleg staða gyðinga í Rómaveldi versnaði til muna eftir uppreisnina 66–73 e.Kr. Sjá t.d. umfjöllunina í Magnus Zetterholm, *The Formation of Christianity in Antioch: A Social-Scientific Approach to the Separation Between Judaism and Christianity*, London: Routledge, 2003, bls. 185–190.

Ignatíus aðgreinir „kristindóm“ frá gyðingdómi (óháð því hvað hann átti nákvæmlega við með hugtakinu *christianismos*), eru einmitt ritunartími Nýja testamentisins, með einni áberandi og mikilvægri undantekningu: Ólíkt öðrum ritum Nýja testamentisins voru rit Páls postula skrifuð fyrir uppreisn gyðinga árin 66–73 og fyrir fall musterisins árið 70, áður en Jesúhreyfingin tók að greina sig frá gyðingdómi. Enda talar Páll aldrei um „kristna“ (*christianoí*), orð sem kemur einungis þrisvar fyrir í ritum Nýja testamentisins og einungis í ritum sem eru skrifuð undir lok 1. aldar.⁹ Fyrir Páli var musterið í Jerúsalem enn þungamiðja gyðinglegs átrúnaðar.¹⁰

Í þeim heimildum sem við höfum aðgang að var Ignatíus frá Antíokkíu þannig fyrstur manna til að tala um „kristindóm“ og aðgreina hann með ofangreindum hætti frá gyðingdómi. Við sjáum skýr merki um það í sumum ritum Nýja testamentisins að hörðum verkfærum var stundum beitt í þessari tilraun til aðgreiningar, sér í lagi í guðspjöllunum, ekki síst í Jóhannesarguðspjalli sem inniheldur ekki aðeins neikvæð viðhorf til einstakra hópa gyðinga (líkt og t.d. Farísea eða Saddúkea, sbr. samstofna guðspjöllin), heldur einnig neikvæðar alhæfingar um gyðinga yfirleitt.¹¹ Öllum var hins vegar ljóst að kristindómurinn tengdist gyðingdómi á einhvern hátt — rómverski sagnaritarinn Tacítus og stóíski heimspekingurinn Epíktetos rugluðu t.a.m. gjarnan saman kristnum og gyðingum (um 110–120 e.Kr.)¹² — og þar sem kristnir menn vildu leggja áherslu á það að þeirra átrúnaður væri ekki einhver „ný hjátrú“ (*superstitio nova*), sem Rómverjar voru ávallt tortryggir gagnvart,¹³ heldur átrúnaður sem byggðist á ævafornum og áreiðanlegum grunni, stóðu þeir frammi fyrir tvenns konar áskorun sem hélst í hendur: að greina sig frá móðurátrúnaðinum, bæði trúarlega og félagslega, en að halda á sama tíma í hugmyndina um ræturnar og áreiðanleikann. Lausnin var sú að færa rök fyrir því að kristindómurinn væri réttmætur *arftaki* gyðingdóms — að gyðingdómi hefði verið hafnað af Guði í ljósi þess að þeir hefðu sjálfir hafnað fagnaðarerindi hans í Kristi og að kristindómurinn innihéldi þar með hinn „nýja sáttmála“ við Guð.¹⁴ Snemma í þessu ferli tóku kristnir framámenn að saka gyðinga almennt um að hafa drepið Jesú Krist og orð Páls postula í Fyrri Þessalóníkubréfi 2.14–15 voru gjarnan (mis)notuð í því skyni, auk þeirra neikvæðu alhæfinga í því sambandi sem birtust einkum í Jóhannesarguðspjalli. Og í takt við aukna trú kristinna á guddóm Jesú magnaðist þungi þessara ásakana. Þannig skapaði Melító, biskup í Sardis, nýtt hugtak í páskahugleiðingu sinni á seinni hluta 2. aldar, þegar hann talaði um gyðinga, ekki einungis sem þá sem drápu Krist, heldur þá sem drápu Guð sjálfan — orðið „guðsmorð“ (e. *deicide*) verður þar til. Melító skrifar m.a. í hugleiðingu sinni: „Guð hefur verið myrtur.

⁹ Post 11.26; 26.28; 1Pét 4.16. Skv. Post 11.26 voru „lærisveinarnir“ fyrst kallaðir „kristnir“ í Antíokkíu en við vitum ekki hvenær það hefur átt sér stað.

¹⁰ Um mikilvægi musterisins í hugmyndafræði Páls, sjá Paula Fredriksen, „Judaizing the Nations: The Ritual Demands of Paul’s Gospel“, *New Testament Studies* 56:2/2010, bls. 232–252, hér 244–249.

¹¹ Sjá t.d. Jóh 5.16–18; 7.1; 8.39–47; 10.31; 11.8, 53.

¹² Sbr. Tacítus, *Ann.* 15.44; Epíktetos, *Diss.* 2.9.20–21; 4.7.6. Epíktetos talar tvívegis um hina kristnu en kallar þá „gyðinga“ í fyrri skiptið og „Galíleumenn“ í það síðara. Um tilvísun Tacítusar til hinna kristnu, sjá frekari umfjöllun í Stephen Benko, *Pagan Rome and the Early Christians*, Bloomington: Indiana University Press, 1984, bls. 14–17.

¹³ Sbr. Svetóníus, *Nero* 16.2 (*Christiani, genus hominum superstitionis novae ac maleficae*); Tacítus, *Ann.* 15.44 (*excitabilis superstitio*); Plíníus yngri, *Ep. Tra.* 10.96 (*superstitionis contagio*). Um hugtakið *superstitio* meðal Rómverja í tengslum við hina kristnu, sjá Robert Louis Wilken, *The Christians as the Romans Saw Them*, New Haven: Yale University Press, 2. útg. 2003, bls. 48–67.

¹⁴ Þessi hugsun er vel merkt í hugtakaparinu „Gamla testamentið“ (*vetus testamentum* = „gamli sáttmálinn“) og „Nýja testamentið“ (*novum testamentum* = „nýi sáttmálinn“).

Konungur Ísraels hefur verið drepinn af ísraelskri hægri hönd¹⁵. Skrif Melítós höfðu víðtæk áhrif á viðhorf kristinna manna og framferði þeirra gagnvart gyðingum í aldir. ¹⁶

Annar áhrifavaldur í þessa átt var Marteinn Lúther. Þáttur hans í þróun gyðingahaturs á Vesturlöndum síðustu aldirnar er óumdeilanlegur, einkum vegna rits hans „Um Gyðingana og lygar þeirra“ (*Von den Jüden und iren Lügen*) frá árinu 1543.¹⁷ Í þessu riti málar Lúther upp stereótýpíska mynd af gyðingum sem verið hafði viðloðandi í kristnum samfélögum á miðöldum: að gyðingar hefðu stundað það að ræna og limlesta börn og eitru vatnsbrunna, að þeir væru lygnir, gráðugir og stefndu að heimsyfirráðum — og eru sumar af þessum hugmyndum á sveimi enn þann dag í dag. Lúther hvatti ennfremur yfirvöld til að brenna sýnagógur gyðinga „Drottni og kristindóminum til heiðurs“, eyðileggja hús þeirra, gera trúarrit þeirra upptæk og banna rabbínunum að kenna, banna gyðingum að stunda viðskipti og setja þá í nauðungarvinnu. Ef það dugar ekki, sagði Lúther, ætti að gera þá brottræka „eins og óða hunda“.¹⁸

Lúther endurspeglar að mörgu leyti algeng viðhorf samtíma síns¹⁹ en þáttur hans í þessu efni er einkum mikilvægur hér í ljósi þess hve mikil áhrif hann, umfram flesta aðra, hefur haft á ritskýringu Pálsbréfa, allt fram á þennan dag. Barátta Lúthers gegn „verkaréttlætingu“ miðaldakirkjunnar, þ.e.a.s. þeim skilningi að manneskjan sé réttlætt af Guði á grundvelli tiltekinna verka — að hún vinni sér inn réttlætinguna — hafði mikil áhrif, ekki aðeins á túlkun ritskýrenda á Páli, heldur einnig á sýn fólks á gyðingdóm til forna. Var gjarnan litið svo á að barátta Lúthers samsvaraði meintri baráttu Páls gegn „verkaréttlætingu“ gyðingdóms, enda kom það vel fram hjá Lúther sjálfum að hann sótti kenningu sína um „réttlætingu af trú“ til Rómverjabréfs Páls (sbr. 1.16–17; 3.22).²⁰ Gagnrýni Páls á „lögmálsverk“ og áhersla hans á réttlætingu Guðs „án lögmáls“ var þá samkvæmt þessum skilningi

¹⁵ Melítós, *Peri Pascha* 96 (*ho theos pefoneutai. ho basileus tou Israel aneretai hypo dexias Israelitidos*).

¹⁶ Sjá umfjöllun í Magnus Zetterholm, *Approaches to Paul: A Student's Guide to Recent Scholarship*, Minneapolis: Fortress Press, 2009, bls. 56–58. Margt af því sem hér fylgir á eftir er byggt á greiningu hans. Gagnlega umfjöllun um sambærilegar ásakanir gegn gyðingum í þýskri guðfræði á 20. öld er að finna í Charlotte Klein, *Anti-Judaism in Christian Theology*, þýð. Edward Quinn, London: SPCK, 1978, bls. 92–126.

¹⁷ Sjá frekari umfjöllun í Thomas Kaufmann, „Luther and the Jews“, *Antisemitism Studies* 3:1/2019, bls. 46–65.

¹⁸ Marteinn Lúther, *Um Gyðingana og lygar þeirra* (1543), í *Luther's Works*, American Edition, 55. bindi, ritstj. J. Pelikan og H. Lehmann, St. Louis og Philadelphia: Concordia og Fortress, 1955–1986, hér bindi 47, bls. 292. Þess má geta að árið 2015 gaf Samband evangelískra kirkna í Þýskalandi (Evangelische Kirche in Deutschland) út yfirlýsingu í tilefni 500 ára afmælis siðbreytingarinnar þar sem tekin var afdráttarlaus afstaða gegn andgyðinglegum viðhorfum Lúthers í þessu riti; sjá <https://www.ekd.de/en/Martin-Luther-and-the-Jews-272.htm> (sótt 11.11.2019).

¹⁹ Svipuð viðhorf voru t.a.m. ríkjandi í höfuðborg kaþólsku kirkjunnar, Róm, á þessum tíma: Árið 1555 var sett upp sk. gettó gyðinga á austurbakka Tiberfljóts að tilskipun páfa (Páls IV), þar sem hinir fjölmörgu gyðingar borgarinnar, um 3000 manns, voru reknir af heimilum sínum inn á lítið, kyrfilega afgirt og óheilsusamlegt svæði sem einkenndist af miklum þrengslum, bágbornu húsnæði og stöðugri hættu vegna reglulegra flóða fljótsins, auk þess sem þeir sættu ströngum lögum um útgöngubann á vissum tímum sólarhringsins, með eina inn- og útgönguleið úr gettóinu. Þarna var gyðingum Rómur gert að búa í rúm 300 ár eða allt til ársins 1870. Sjá frekari umfjöllun í Luca Fiorentino, *The Ghetto Reveals Rome*, Róm: Gangemi Editore, 2011, sérstaklega bls. 55–84. Í safni gyðinga í Róm (Museo Ebraico di Roma) má sjá samantekt af tilskipun páfa (*Cum nimis absurdum*) sem fól m.a. í sér að gyðingar gátu aðeins starfrækt eina sýnagógu í borginni, þeir urðu að bera það utan á sér að þeir væru gyðingar (karlar með sérstökum höttum og konur með flík í gulum lit), þeir áttu ekki að blanda geði við kristna, ekki vinna á sunnudögum eða öðrum hátíðisdögum kristinna, verslunarhættir þeirra höfðu ákveðnar takmarkanir og þeir áttu almennt að gangast við yfirburðum kristinna manna. Með þessu móti áttu gyðingar að minnast þess og gjalda fyrir það að það voru þeir sem drápu Krist og neituðu auk þess í kjölfarið staðfastlega að taka trú á hann sem messías. Árið 1870 var gettóid leyst upp en sagan endurtók sig að mörgu leyti með innreið fasismans og nasismans á 4. og 5. áratug 20. aldar.

²⁰ Sjá Bernhard Lohse, *A Short History of Christian Doctrine: From the First Century to the Present*, þýð. F. Ernest Stoeffler, Philadelphia: Fortress Press, 1985, bls. 161.

gagnrýni og höfnun á verkaréttlætingu gyðingdóms. Líkt og miðaldakirkjan leituddust gyðingar fyrstu aldar við að vinna sér inn náð Guðs og réttlæti með því að fylgja hinu gyðinglega lögmáli. Gyðingdómur var m.ö.o. „verkaréttlætingartrúarbrögð“.

Það viðhorf sem hér er lýst er stundum nefnt „lútherska viðhorfið“ eða „mót-mælendaviðhorfið“ af gagnrýnendum,²¹ vegna áhrifa Lúthers og mótmælenda 16. aldar á túlkun manna á Páli, en það kann að vera dálítið misvísandi: Áhrif Lúthers eru ótvíræð, en það ber þó að hafa í huga að þetta er útbreiddara viðhorf en svo að það sé einungis að finna meðal mótmælenda — hefðbundin kaþólsk ritskýring er á sömu nótum hvað tengsl Páls við gyðingdóm varðar,²² enda þótt áherslumunur geti verið til staðar um einstök atriði. Auk þess eru margir gagnrýnendur þessa viðhorfs sjálfir mótmælendur.²³ Ég vil þess vegna fremur tala um „hefðbundið viðhorf“ í þessu sambandi.

Þetta „hefðbundna viðhorf“ er sá hugmyndafræðilegi bakgrunnur sem fær nýja-testamentisfræðinga eins og Ferdinand Christian Baur (d. 1860), stofnanda hins sk. „Tübingen-skóla“ í guðfræði, til að setja upp rannsóknarmódel þar sem gert er ráð fyrir að það sé og hafi ávallt verið grundvallarmótsögn á milli kristindóms og gyðingdóms. Þetta módel varð síðan grunnur fyrir aðra fræðimenn eins og David Friedrich Strauss (d. 1874), Ferdinand Weber (d. 1879), Emil Schürer (d. 1910), Wilhelm Bousset (d. 1920) og Adolf Schlatter (d. 1938), sem allir höfðu gríðarleg áhrif á sýn fólks á gyðingdóm til forna.²⁴ Svipað má segja um „risa“ 20. aldarinnar innan nýjateamentisfræða, eins og Rudolf Bultmann (d. 1976)²⁵ og lærisveina hans, Günther Bornkamm (d. 1990) og Ernst Käsemann (d. 1998). Afstöðu Bultmanns lýsir Magnus Zetterholm vel:

In the middle of the twentieth century, Bultmann's view of ancient Judaism completely agrees with the picture that emerged at the end of the nineteenth century. Judaism was characterized by a far-reaching legalism, belief in a God that no longer acted in history, and a soteriological system based on merits, which leaves room for both religious hypocrisy and a feeling of uncertainty about one's relationship to God. According to Bultmann, this was exactly what Jesus reacted against and is ultimately the religious system criticized in the Gospels.²⁶

Þrátt fyrir opna gagnrýni sína á hugmyndafræði nasismans, leit Bultmann svo á að gyðingdómur fæli í sér þá synd sem er stærst allra synða: sjálfsréttlætinguna. Hún var einmitt meginorsök þess að Páll postuli gagnrýndi og yfirlaust gyðingdóm. Samkvæmt Käsemann var kenning Páls um réttlætingu af trú réttilega *antijudaistische Kampfeslehre* („andgyðingleg baráttukenning“).²⁷ Á sama hátt leit Bornkamm svo á að andstæðingar Páls í Rómverjabréfinu, sem hann talar beint til og gagnrýnir, væru

²¹ Sbr. t.d. Zetterholm, *Approaches to Paul*, bls. 225–240; Brendan Byrne, „Interpreting Romans: The New Perspective and Beyond“, *Interpretation* 58:3/2004, bls. 241–252.

²² Sbr. t.d. Scott W. Hahn, *Romans*, Catholic Commentary on Sacred Scripture, Grand Rapids: Baker Academic, 2017, bls. 43.

²³ T.d. Krister Stendahl, Heikki Räisänen, James D.G. Dunn og N.T. Wright. Sjá umfjöllun í Zetterholm, *Approaches to Paul*, bls. 95–126.

²⁴ Sjá Anders Gerdmar, *Roots of Theological Anti-Semitism: German Biblical Interpretation and the Jews, from Herder and Semler to Kittel and Bultmann*, Studies in Jewish History and Culture 20, Leiden: Brill, 2008, bls. 97–131, 143–188, 253–326.

²⁵ Ítarlega umfjöllun um sýn Bultmanns á gyðingdóm til forna er að finna í Gerdmar, *Roots of Theological Anti-Semitism*, bls. 373–411.

²⁶ Zetterholm, *Approaches to Paul*, bls. 74. Sjá einnig umfjöllun um ritskýringu þessara fræðimanna í John G. Gager, *Reinventing Paul*, Oxford: Oxford University Press, 2000, bls. 31–33, 38–40.

²⁷ Ernst Käsemann, *Perspectives on Paul*, þýð. Margaret Kohl, Minneapolis: Fortress Press, 1971, bls. 70: „It has rightly been repeatedly noticed that the apostle's message of justification is a fighting doctrine, directed against Judaism [*antijudaistische Kampfeslehre*]“.

ekki tilteknar persónur eða tilteknir hópar í frumkirkjunni, heldur gyðingar almennt og skilningur þeirra á hjálpræðinu.²⁸ Tvo áhrifamikla fræðimenn 20. aldarinnar má nefna að auki í þessu sambandi, en það eru Gerhard Kittel (d. 1948), sem var annar tveggja ritstjóra hins mikla verks *Theologisches Wörterbuch zum Neuen Testament* (betur þekkt í þýðingunni *Theological Dictionary of the New Testament*), sem er enn mikið notað í dag,²⁹ og Walter Grundmann (d. 1976), en báðir þessir nýjatestamentsfræðingar voru meðlimir í nasistahreyfingu Hitlers.³⁰ Almennt má segja að allt fram á níunda áratug síðustu aldar hafi meint mótsögn á milli kristindóms og gyðingdóms verið hinn sjálfsagði lykkill að túlkun fræðimanna á Páli postula sem fáir drógu í efa.

„Nýja viðhorfið“ (*The New Perspective on Paul*): Ný sýn á gyðingdóm til forna

Segja má að sænski Harvard-prófessorinn, Krister Stendahl (d. 2008), sem síðar varð biskup í lúthersku kirkjunni í Stokkhólmi, hafi verið „hrópandinn í eyðimörkinni“. Eftir hörmungar helfararinnar í seinni heimsstyrjöldinni hafði mörgum orðið það ljóst að það voru tengsl á milli tilraunar nasista til að útrýma gyðingum og andgyðinglegra hugmynda á meðal kristinna manna. Einhver umræða og endurskoðun fór af stað hvað sambandið á milli kristinna og gyðinga varðaði, en slík endurskoðun skilaði sér seint inn í rannsóknir á Páli. Hér var Stendahl langt á undan sinni samtíð. Í grein sinni „The Apostle Paul and the Introspective Conscience of the West“ frá árinu 1963 lagði Stendahl áherslu á að gerður væri skýr greinarmunur á upprunalegri merkingu textans, áhrifa textans í aldanna rás og þýðingu hans í nútímanum — þetta þrennt þyrfti ekki endilega að haldast í hendur. Að mati Stendahls var talsverður munur á því sem Páll var að segja í sínum bréfum og áherslum mótmælenda á 16. öld.³¹ Í annarri frægri grein, sem bar titilinn „Paul among Jews and Gentiles“,³² færði Stendahl rök fyrir því að spurningin um sambandið á milli gyðinga og annarra þjóða („heiðingja“ — *ta eþnē*) hefði meira og minna gegnsýrt boðskap og umfjöllun Páls, einkum og sér í lagi kenningu postulans um „réttlættingu af trúnni einni saman“, sem Stendahl taldi að hefði í grundvallaratriðum verið miskilinn: Spurningin sem Lúther glímdi við á 16. öldinni um það hvernig finna megi miskunnsaman Guð var ekki spurningin sem Páll glímdi við á 1. öldinni, heldur snerist meginspurning Páls um sambandið á milli gyðinga og heiðingja og réttlættingu hinna síðarnefndu. *Heiðingjarnir* voru vandamálið, ekki gyðingarnir, líkt og var samkvæmt hefðbundinni túlkun. Samkvæmt Stendahl höfðu fræðimenn og aðrir verið alltof uppteknir við að lesa atburði 16. aldarinnar inn í atburði og hugmyndaheim 1. aldarinnar og setja samasemmerki á milli baráttu Páls við að boða fagnaðarerindið og baráttu Lúthers við kirkjuyfirvöld. Svipuð mistúlkun gildi einnig um þá

²⁸ Günther Bornkamm, *Paul*, þýð. David M. Stalker, Minneapolis: Fortress Press, 1995 (þýsk útg. 1969), bls. 95.

²⁹ *Theologisches Wörterbuch zum Neuen Testament*, 10 bindi, ritstj. Gerhard Kittel, og Gerhard Friedrich, Stuttgart: Kohlhammer, 1932–1979 / *Theological Dictionary of the New Testament*, 10 bindi, ritstj. Gerhard Kittel og Gerhard Friedrich, þýð. Geoffrey W. Bromiley, Grand Rapids: Eerdmans, 1964–1976.

³⁰ Sjá umfjöllun í Gerdmar, *Roots of Theological Anti-Semitism*, bls. 415–576.

³¹ Krister Stendahl, „The Apostle Paul and the Introspective Conscience of the West“, *Harvard Theological Review* 56:3/1963, bls. 199–215, endurútgæfið í *Paul among Jews and Gentiles and Other Essays*, London: SCM Press, 1976, bls. 78–96.

³² Krister Stendahl, „Paul among Jews and Gentiles“, *Paul among Jews and Gentiles and Other Essays*, London: SCM Press, 1976, bls. 1–77.

hefðbundnu hugmynd að Páll hefði „snúist“ (e. *converted*) til kristinnar trúar. Að mati Stendahls varðaði málið ekki „conversion“ frá einum átrúnaði til annars, frá gyðingdómi til kristindóms, heldur snerist það um *köllun* til ákveðins hlutverks í þjónustu Guðs. Fordæmin var að finna í lýsingu spámannanna Jesaja (49.1) og Jeremía (1.4–5) á köllun þeirra í þjónustuhlutverk sín (sbr. tilvísun Páls í þessa texta í Gal 1.15).³³

Þessum áherslum Stendahls var lítt svarað, enda var túlkun fræðimanna á Páli undir miklum áhrifum frá hugmyndum þeirra um gyðingdóm til forna sem ekki höfðu tekið miklum breytingum. Straumhvörf urðu hins vegar í því tilliti með útkomu bókarinnar *Paul and Palestinian Judaism* árið 1977 eftir bandaríska fræðimanninn E.P. Sanders.³⁴ Í bók sinni sýndi Sanders fram á það að fyrri lýsingar fræðimanna á gyðingdómi sem „verkaréttlætningarátrúnaði“ voru byggðar á röngum forsendum: Þær voru að megninu til byggðar á seinni tíma rabbínskum textum, auk þess sem textarnir voru ídulega misskildir og rangtúlkaðir, oft vegna þess að túlkendurnir nálgudust þá með fyrirfram stilltum gleraugum. Meginmistökin voru þau að engin af eldri rannsóknum á gyðingdómi til forna tók tillit til þess sem Sanders kallaði „sáttmálsbundna lögmálshyggju“ (e. *covenantal nomism*), en „sáttmálsbundin lögmálshyggja“ var sjálfur kjarninn í gyðinglegum átrúnaði, að mati Sanders. Það var sáttmáli Guðs við Ísrael, þ.e.a.s. við gyðinga, sem var þungamiðjan í gyðinglegri hugsun: Guð hefur valið Ísrael til að vera þjóð hans og Ísrael hefur gengist við þessu vali. Málið hjá gyðingum snerist þess vegna ekki um að „komast inn“, þ.e.a.s. að eignast hlutdeild í sáttmálanum við Guð — þeir áttu þegar hlutdeild í sáttmálanum sem gyðingar. Spurningin um rétta breytni og rétt verk, þ.e.a.s. að fylgja ákvæðum lögmálsins, var svarið við vali Guðs á gyðingum, ekki forsenda þess að öðlast náð Guðs. Fylgni við lögmál Guðs var tjáning gyðinga og staðfesting á vilja þeirra til að eiga áfram hlutdeild í sáttmálanum, að „vera inni“. Með öðrum orðum, „[t]he intention and effort to be obedient constitute the *condition for remaining in the covenant*, but they do not *earn* it“.³⁵ Hlýðni og óhlýðni var síðan svarað með tilhlýðilegri umbun eða refsingu, en Guð hafði skapað ákveðnar leiðir fyrir gyðinga til að friðþægja fyrir brot sín, fyrst og fremst í gegnum fórnarathafnir í musterinu í Jerúsalem. Í stuttu máli, „covenantal nomism is the view that one’s place in God’s plan is established on the basis of the covenant and that the covenant requires as the proper response of man his obedience to its commandments, while providing means of atonement for transgression“.³⁶ Þessar niðurstöður, þar sem Sanders fór í gegnum alla tiltæka gyðinglega texta frá þessum tíma (u.þ.b. 200 f.Kr. til 200 e.Kr.), voru bylting í rannsóknum á gyðingdómi til forna.

³³ Gal 1.15–16: „En þegar Guði, sem hafði greint mig að þegar í móðurlífi og kallað mig af náð sinni, þóknaðist að opinbera son sinn fyrir mér [eða: í mér], til þess að ég myndi boda fagnadarerindið um hann á meðal heiðingjanna, ...“ Sbr. Jes 49.1b: „Drottinn hefur kallað mig allt frá móðurlífi, nefnt mig með nafni frá því ég var í móðurkviði“ (þýð. Biblían 2007); Jer 1.5: „Áður en ég mótaði þig í móðurlífi valdi ég þig. Áður en þú fæddist helgaði ég þig og ákvað að þú yrðir spámaður fyrir þjóðirnar“ (þýð. Biblían 2007).

³⁴ E.P. Sanders, *Paul and Palestinian Judaism: A Comparison of Patterns of Religion*, Minneapolis: Fortress Press, 1977. Sjá enn fremur gagnlega samantekt í Zetterholm, *Approaches to Paul*, bls. 100–105. Þess má geta að í tilefni af því að 40 ár voru liðin frá útgáfu *Paul and Palestinian Judaism* árið 2017 var 5. árgangur tímaritsins *Journal of the Jesus Movement in its Jewish Setting* (2018) helgaður umfjöllun um ritid.

³⁵ Sanders, *Paul and Palestinian Judaism*, bls. 180 (áherslur upprunalegar).

³⁶ Sanders, *Paul and Palestinian Judaism*, bls. 75.

Rannsóknir Sanders á gyðingdómi skiluðu sér hins vegar treglega inn í túlkun hans sjálfs á Páli postula, sem var merkilega íhaldssöm. Að mati Sanders hafnaði Páll einfaldlega þessum kjarnaatriðum gyðingdóms: útvalningu Ísraels, lögmálinu og meira að segja sjálfum sáttmálanum. Vandamálið við gyðingdóminn að mati Páls (segir Sanders) væri að gyðingdómurinn „var ekki kristindómur“.³⁷ Í bók sinni, *Paul, the Law, and the Jewish People* (1983), endurtekur Sanders þennan skilning sinn og leggur áherslu á að Páll hafi með boðun sinni skapað „þriðja kynþáttinn“ (e. *third race*) sem væri hvorki gyðinglegur né heiðinn: hina kristnu.³⁸ Í túlkun sinni á Páli tekur Sanders þannig undir fyrri viðhorf um gyðingdóm og kristindóm sem andstæður þegar á tímum postulans. Túlkun Sanders á Páli er gott dæmi um það hversu erfitt er að hafa áhrif á margra alda, rótgróna hugmyndafræði, en í þessu tiltekna dæmi felst ákveðin írónía, því að þetta var einmitt stóra verkefnið sem Sanders stóð sjálfur frammi fyrir hvað gyðingdóm varðaði.

En niðurstöður Sanders og röksemdafærsla hvað gyðingdóm fornaldar varðaði gjörbreyttu forsendum pálsfræða og eru í dag almennt taldar hafa valdið viðmiðaskiptum (e. *paradigm shift*) í þeim fræðum. Í fyrirlestri við Háskólann í Manchester árið 1982 (sem birtist 1983)³⁹ notaði James Dunn, þá prófessor við Durham-háskóla, frasann „Hið nýja viðhorf til Páls“ (e. *The New Perspective on Paul*) um þessar nýju áherslur, en þessi frasi hefur verið notaður æ síðan sem samheiti yfir þær. Dunn tók undir niðurstöður Sanders um gyðingdóm, en gagnrýndi hann á sama tíma fyrir að tileinka sér ekki eigin niðurstöður í túlkunum sínum á Páli. Dunn benti til að mynda á textann í Rómverjabréfinu 11.1–2 (sbr. vers 11–12, 28–32) sem mælir gegn þeirri túlkun að Páll hafi litið svo á að Guð hafi hafnað Ísrael. Páll hafnaði ekki lögmálinu sem slíku, að mati Dunns, heldur gagnrýndi postulinn það viðhorf meðal gyðinga að lögmálið eða „verk lögmálsins“ (*erga nomou*) væru „sjálfsmyndar-einkenni“ (e. *identity marker*), þ.e.a.s. merki og tákn um að gyðingar væru í grundvallaratriðum ólíkir og fremri öðrum þjóðum. Eitt af meginmarkmiðum Páls var að upphesja þessa hugsun, samkvæmt Dunn. Páll gagnrýndi sem sagt „þjóðernishyggju“ gyðinga og bardist sjálfur fyrir „alþjóðahyggju“ (e. *particularism versus universalism*). Sáttmálinn skyldi því ekki skilgreindur á etniskum grunni. Dunn gengur að verulegu leyti út frá Galatabréfinu 2.11–21 í túlkun sinni (sérstaklega 2.16), en það textabrot er með umdeildustu textum Páls. Almennt má segja að nálgun Dunns innihaldi að mörgu leyti „nýtt viðhorf“, en þó er ljóst að hann fellur, líkt og Sanders, í þá gryfju að mála upp mynd af gyðingdómi og kristindómi sem andstæðum í huga Páls: hið hefðbundna andstæðupar „lögmál *versus* fagnaðarerindi“ dofnar vissulega í meðförum Dunns, en við tekur annað andstæðupar, gyðingleg þjóðernishyggja *versus* kristin alþjóðahyggja, sem í raun skilur á milli gyðinglegrar sjálfsmyndar og kristinnar.⁴⁰ John Gager er meðal þeirra sem hafa gagnrýnt Dunn fyrir þessa áherslu: „In some respects, Dunn’s work represents a step backward from Sanders. His portrayal of typical Jewish attitudes approaches caricature [...] His emphasis on Jewish ethnic pride reverts to the outmoded, unhistorical dichotomy between

³⁷ Sanders, *Paul and Palestinian Judaism*, bls. 552: „In short, *this is what Paul finds wrong in Judaism: it is not Christianity*“ (áherslur upprunalegar).

³⁸ E.P. Sanders, *Paul, the Law, and the Jewish People*, Philadelphia: Fortress Press, 1983, bls. 171–179.

³⁹ James D.G. Dunn, „The New Perspective on Paul“, *Bulletin of the John Rylands University Library of Manchester* 65/1983, bls. 95–122.

⁴⁰ Sbr. Zetterholm, *Approaches to Paul*, bls. 117, sem bendir réttilega á þetta.

Jewish particularism and Christian universalism. Here his position resembles the older view according to which Paul was fully justified in his critique of Judaism.⁴¹ Með öðrum orðum, túlkun Dunns felur í sér að jafnvel þótt Páll hafi ekki hætt að vera gyðingur sneri hann baki við gyðingdóminum sem slíkum og snerist til „kristinnar“ trúar.

Páll innan gyðingdóms (*Paul within Judaism*): Páll var ekki „kristinn“

„Hið nýja viðhorf til Páls“, með Dunn í fararbroddi,⁴² hafði mikil áhrif á nálgun fræðimanna næstu áratuginna. Þegar í lok níunda áratugarins komu hins vegar fram raddir sem töldu að Dunn og „nýja viðhorfið“ hefðu ekki gengið nógu langt í endurskoðun sinni á gyðinglegu samhengi postulans. Árið 1987 gaf kanadíski prófessorinn Lloyd Gaston út bókina *Paul and the Torah* þar sem hann gekk út frá niðurstöðum Sanders um gyðingdóm, en komst að allt öðrum niðurstöðum en bæði Sanders og Dunn hvað Pál varðaði.⁴³ Grundvallaratriðið í öllum lestri á Páli, sagði Gaston, væri spurningin um til hverra hann skrifaði bréf sín, hverja hann ávarpaði. Spurningunni væri í sjálfu sér auðsvarað, því að öll gæfu bréfin það til kynna (með Rómverjabréfið sem hugsanlega undantekningu)⁴⁴ að Páll væri að skrifa og tala til fólks af heidnum uppruna — hann væri ekki að ávarpa gyðinga, enda kæmi það vel fram í Galatabréfinu 2.7–9 að verkefni hans og samstarfsmanna hans væri að boða fagnaðarerindið á meðal heiðingja, á meðan aðrir hefðu tekið að sér að boða það meðal gyðinga.⁴⁵ Af þessu dró Gaston m.a. þá ályktun að þegar Páll var neikvæður gagnvart lögmálinu og umskurninni í bréfum sínum væri hann neikvæður gagnvart því í tengslum við þá sem hann skrifaði til, þ.e.a.s. í tengslum við heiðingja. Hann var m.ö.o. ekki neikvæður gagnvart umskurninni og lögmálinu í tengslum við gyðinga. Auk þess fer Páll ýmsum jákvæðum orðum um umskurnina (Róm 3.1–2), lögmálið (Róm 7.7, 12, 14, 22) og mikilvægi þess að lifa í samræmi við lögmálið (Róm 2.13; 13.8–10), sem er gjarnan hunsað í hefðbundinni túlkun. Vandamálið var það að heiðingjarnir áttu enga hlutdeild í sáttmálanum, heldur varð lögmálið þvert á móti bölvun utan sáttmálans, þ.e.a.s. bölvun fyrir þá heiðingja sem reyndu að fylgja því líkt og gyðingar væru. Það er það sem Páll á við, segir Gaston, þegar hann talar um að „verk lögmálsins“ (*erga nomou*) geti ekki orðið neinum til réttlætningar (Róm 3.20; Gal 2.16) — það hvíli bölvun yfir lögmálinu fyrir þá sem standa fyrir utan sáttmála Guðs við Ísrael (sbr. Gal 3.10, 13–14). Jesús Kristur er hinn nýi sáttmáli fyrir aðra en gyðinga (sbr. Róm 10.4: „Kristur er uppfylling [*telos*] lögmálsins“). Hér kynnir Gaston nýja áherslu í túlkun á Páli: Í boðun sinni gerir Páll ráð fyrir tveimur mismunandi hjálpraðisleiðum, annarri fyrir gyðinga (í gegnum sáttmálann og lögmálið, líkt og áður) og hinn fyrir aðrar þjóðir (í gegnum trú á

⁴¹ Gager, *Reinventing Paul*, bls. 49.

⁴² Einnig mætti nefna N.T. Wright, fyrrverandi háskólaprófessor og biskup í anglíkónsku kirkjunni í Durham, í þessu sambandi. Sjá t.d. bók hans, *Paul: In Fresh Perspective*, Minneapolis: Fortress Press, 2005.

⁴³ Lloyd Gaston, *Paul and the Torah*, Vancouver: University of British Columbia Press, 1987.

⁴⁴ Spurningin um ætlaða lesendur (e. *intended audience*) Rómverjabréfsins er afar umdeild, þ.e.a.s. hvort bréfið sé skrifað til blandaðs hóps af gyðingum og heiðingjum eða til fólks af heidnum uppruna eingöngu. Sjá frekari umfjöllun (þar sem færð eru rök fyrir síðara tilfellinu) í Runar M. Thorsteinsson, *Paul's Interlocutor in Romans 2: Function and Identity in the Context of Ancient Epistolography*, ConBNT 40, Stokkhólmi: Almqvist & Wiksell, 2003, bls. 87–122.

⁴⁵ Þessa áherslu var reyndar að finna þegar árið 1954 hjá danska prófessornum við Árósháskóla, Johannes Munck, *Paul and the Salvation of Mankind*, London: SCM, 1959 (1954 á þýsku).

Krist). Guð sendi son sinn til að frelsa, ekki gyðinga, heldur aðrar þjóðir en gyðinga, sem ekki eiga hlutdeild í sáttmálanum. Eina gagnrýnin sem Páll beinir að gyðingum, samkvæmt Gaston, er að flestir þeirra neituðu að meðtaka ætlun og vilja Guðs hvað aðrar þjóðir varðaði (sbr. Róm 9–11), en Páll sér fyrir sér að það muni að endingu breytast (Róm 11.25–32). Þessi áhersla á tvær aðskildar hjálpræðisleiðir gyðinga og heiðingja hjá Páli hefur verið kölluð *Sonderweg*-kenningin, en hún er umdeild, einnig meðal þeirra fræðimanna sem hér eru kynntir til sögunnar.⁴⁶

Það fræðirit um Pál postula sem að mínu mati hefur haft hvað mest áhrif á nýjar nálganir í þessum efnum er bókin *A Rereading of Romans* eftir bandaríska fræðimanninn Stanley Stowers sem kom út árið 1994.⁴⁷ Bókin inniheldur ritskýringu á Rómverjabréfinu, en í henni endurskoðar Stowers á róttækan hátt túlkunina á þessu áhrifamikla bréfi Páls, ekki aðeins út frá gyðinglegu samhengi þess, heldur einnig hinu grísk-rómverska. Stowers fylgir í fótspor Gastons (og Johannesar Munck) með því að leggja áherslu á spurninguna um það til hverra bréfið er skrifað. Hér er grundvallaratriði, segir Stowers, að greina á milli þeirra sem raunverulega lásu bréfið þegar það barst til Rómar og þeirra sem Páll er að ávarpa beint í bréfi sínu — innbyggðra lesenda textans.⁴⁸ Við getum lítið vitað um fyrri hópinn, þ.e. hverjir lásu í raun bréfið á sínum tíma, en það er lykilatriði fyrir alla túlkun á textanum að Páll er að ávarpa fólk af heiðnum uppruna í bréfi sínu og aðeins af heiðnum uppruna. Hann talar *um* gyðinga í Rómverjabréfinu (sérstaklega k. 9–11), en hann ávarpar þá ekki, enda tekur hann hlutverk sitt alvarlega sem „postuli heiðingjanna“ (11.13). Stowers leggur áherslu á að Páll hafi verið gyðingur með fastmótaðar og nokkuð íhaldssamar hugmyndir um aðrar þjóðir en gyðinga, hugmyndir sem koma vel fram í Rómverjabréfinu 1.18–32: Heiðingjarnir höfðu ekki tilbeðið Guð eins og guð og því ofurseldi Guð þá girndum þeirra og fýsnum, þannig að tilvera þeirra varð meira og minna mörkuð af skorti á sjálfsstjórn (sjálfsstjórn var lykilatriði í gyðinglegri sem og grísk-rómverskri hugmyndafræði á þessum tíma).⁴⁹ Gyðingarnir á hinn bóginn höfðu sáttmálann og allt sem honum fylgdi (sbr. Róm 3.1–2; 9.1–5), að meðtöldum fyrirfram ákveðnum leiðum til friðþægingar fyrir brot. Þetta höfðu heiðingjarnir ekki og þess vegna ákvað Guð að senda son sinn til að veita þeim tækifæri til að eignast hlutdeild í sáttmála Guðs við Ísrael og friðþægja fyrir brot sín (sbr. Róm 3.21–26). Páll andmælir kröftuglega þeirri lausn á vandamálinu að (karlkyns) heiðingjar skyldu gangast undir umskurn og gerast þannig gyðingar sem fylgja lögmálinu (sbr. Róm 2.17–29), þar sem heiðingjar hafa aldrei haft hlutdeild í sögu og forréttindum Ísraels (sbr. Róm 9.1–5) og hafa heldur ekki þá sjálfsstjórn sem þarf til að fylgja lögmálinu í einu og öllu (sbr. Róm 7), nokkuð sem meira að segja gyðingar eiga erfitt með. Guð hafði hugsað sér allt aðra leið fyrir heiðingjana: Jesú Krist.⁵⁰ Í samantekt Zetterholms: „Stowers’s Paul appears firmly rooted within Judaism and

⁴⁶ Sjá Jacob P.B. Mortensen, *Paul among the Gentiles: A ‘Radical’ Reading of Romans*, NET 28, Tübingen: Narr Francke Attempto Verlag, 2018, bls. 23–25. Í ljósi þess að Mortensen telur höfund þessarar greinar upp meðal fylgjenda „The Radical New Perspective“ (sjá hér fyrir neðan) (bls. 34), vil ég taka fram að ég tek ekki undir þá túlkun að Páll sjái fyrir sér tvær hjálpræðisleiðir, eina fyrir gyðinga og aðra fyrir heiðingja. Að mínu viti kemur það nægilega skýrt fram í Róm 9–11 að Páll telji að skilyrðið fyrir endanlegu hjálpræði gyðinga (við endurkomu Kristis) sé trú þeirra og viðurkenning á Jesú sem messíasi (auk fylgni við lögmál Guðs).

⁴⁷ Stanley K. Stowers, *A Rereading of Romans: Justice, Jews, and Gentiles*, New Haven: Yale University Press, 1994.

⁴⁸ Stowers, *Rereading*, bls. 21–22.

⁴⁹ Stowers, *Rereading*, bls. 42–100.

⁵⁰ Stowers, *Rereading*, bls. 213–214, 223–226.

found nothing wrong with Jewish followers of Jesus observing the Torah (even though Paul himself compromised on this point when among non-Jews [sbr. 1Kor 9.19–23]). Paul's main problem was to make non-Jews realize why *they* could not become righteous through the Torah.⁵¹

John Gager, prófessor emeritus við Princeton-háskóla, hefur fetað í fótspor Stendahls, Gastons og Stowers og gagnrýnt mjög hina hefðbundnu túlkun á Páli. Með fræðilegan bakgrunn í spurningunni um gyðingahatur til forna,⁵² gaf Gager út bók árið 2000 (*Reinventing Paul*) þar sem hann fór yfir þetta hefðbundna viðhorf og kynnti sömuleiðis ný viðhorf, ekki aðeins hið „nýja viðhorf“ Sanders og Dunns, heldur enn fremur þá endurskoðunarstrauma sem byggðust á „hinu nýja viðhorfi“ og hann tók jafnframt lengra en það. Að mati Gagers þarf róttækt endurmat að eiga sér stað á bréfum Páls: „We require a completely new structure. For us, the old model is wrong from top to bottom and its persistence a source of constant amazement.“⁵³ Eitt af verkefnum sem ritskýrendur standa frammi fyrir er að endurskoða notkun sína á hugtökum eins og „kristindómur“ og „kristnir“ í tengslum við Pál postula því að á tímum Páls var enginn kristindómur til og Jesúhreyfingin starfaði og skilgreindi sig að öllu leyti innan gyðingdóms á þeim tíma. Að nota orðið „kristinn“ í þessu samhengi er bæði anakrónískt og villandi. Páll þekkti einungis tvær kategoríur af fólki: gyðinga og heiðingja. Að tala um „kristna“ í sögulegu samhengi hans er að skrumskæla þessa heimsmynd og innleiða kategoríu sem var ekki til í huga postulans.⁵⁴ Samkvæmt Gager er nauðsynlegt að leiðrétta eftirfarandi atriði, sett fram með neikvæðum formerkjum: Páll var ekki faðir kristins gyðingahaturs; hann var ekki upphafsmaður arftakakenningarinnar (þ.e. að kristindómurinn væri arftaki gyðingdóms); hann hafnaði ekki lögmáli Móse; hann hélt því ekki fram að Guð hefði hafnað Ísrael; andstæðingar hans voru ekki gyðingar utan Jesúhreyfingarinnar heldur keppinautar innan hennar; hann vænti þess ekki að hjálpræðisleið gyðinga væri í gegnum Jesú Krist.⁵⁵ Gager telur að Páll hafi reyndar verið meðvitaður um ýmsar slíkar ásakanir á hendur sér og að hann hafi reynt að svara einhverjum þeirra í Rómverjabréfinu: „Gerum við lögmálið að engu í gegnum trúna/trúfestina? Síður en svo — við staðfestum lögmálið!“ (3.31), „Er lögmálið synd? Síður en svo!“ (7.7), „Hefur Guð hafnað fólki sínu [þ.e. gyðingum]? Síður en svo!“ (11.1).⁵⁶

Í kjölfar þessara áleitnu rannsókna tók að myndast túlkunarmódel í pálsfræðum sem gengur út frá því að Páll hafi verið gyðingur sem hafði sínar skoðanir á því hvað það var að vera gyðingur og hvað það var að vera heiðingi, gyðingur sem trúði því að Jesús frá Nasaret væri sá gyðinglegi messías sem Ritningarnar höfðu spáð fyrir um, en var aldrei „kristinn“ í þeirri að merkingu að hann væri eitthvað annað en gyðingur eða í þeirri merkingu að hann hefði snúið baki við gyðingdómi. Vandamálið sem hann stóð frammi fyrir sem „postuli heiðingjanna“ var staða annarra en gyðinga gagnvart Guði. Þetta túlkunarmódel hefur gengið undir tveimur heitum,

⁵¹ Zetterholm, *Approaches to Paul*, bls. 147 (áhersla upprunaleg).

⁵² Sjá John G. Gager, *The Origins of Anti-Semitism: Attitudes toward Judaism in Pagan and Christian Antiquity*, New York: Oxford University Press, 1983.

⁵³ Gager, *Reinventing Paul*, bls. 50.

⁵⁴ Gager, *Reinventing Paul*, bls. viii, 24.

⁵⁵ Gager, *Reinventing Paul*, bls. 10.

⁵⁶ Gager, *Reinventing Paul*, bls. 58.

annars vegar „hið róttæka nýja viðhorf til Páls“ (e. *The Radical New Perspective on Paul*), sem Magnus Zetterholm hefur einkum kynnt,⁵⁷ og hins vegar heitið „Páll innan gyðingdóms“ (e. *Paul within Judaism*), sem hefur að undanfögnu verið að sækja í sig veðrið. Talsmenn síðari hugtakanotkunarinnar benda m.a. á að það skilji það mikið á milli þessa viðhorfs og (gamla) „nýja viðhorfsins“ að það sé óheppilegt að tala um „róttæka nýja viðhorfið“, auk þess sem það sé villandi að tala um eitthvað „róttækt“ í þessu sambandi þar sem áherslan sé einmitt sú að Páll hafi *ekki* verið róttækur, heldur fremur íhaldssamur sem gyðingur í afstöðu sinni til heiðingja.

Sá fræðimaður sem hefur öðrum fremur viljað tala um „Pál innan gyðingdóms“ er bandaríski nýjatestamentisfræðingurinn Mark Nanos.⁵⁸ Nanos hefur gefið út fjöldann allan af bókum og greinum í þessu sambandi, en þar má nefna antólógíu sem hann og Zetterholm ritstýrðu árið 2015 undir titlinum *Paul within Judaism*.⁵⁹ Nanos telur að jafnvel þótt Páll hafi gagnrýnt umskurn og lögmálið í tengslum við lesendur sína sem voru allir af heiðnum uppruna hafi hann sjálfur, sem gyðingur, fylgt lögmálinu. Seinni tíma túlkendur sem segja að Páll hafi boðað „lögmálsfrítt“ fagnaðarerindi séu því á villigötum⁶⁰ því að Páll boðaði einmitt að fólk af heiðnum uppruna ætti að hætta að lifa sem heiðingjar og taka upp gyðinglega lífshætti (sbr. Gal 2.14), auk þess sem kjarni þess sem Páll boðaði þessu fólkí var sóttur úr lögmálinu sjálfu (sbr. t.d. Róm 13.8–10 um kærleikann — megingöð Páls — sem „uppfyllingu lögmálsins“, þar sem kærleiksboðorðið er sótt úr 3Mós 19.18). Páll var hins vegar andsnúinn því að heiðingjar yrðu gyðingar og lifðu sem slíkir. Þessi skoðun Páls virðist hafa orðið þess valdandi að farið var að saka hann afar snemma um að hafa hafnað lögmálinu sem slíku og hvatt aðra gyðinga til að gera slíkt hið sama (sbr. Post 21.21).⁶¹ Í lestri sínum á Rómverjabréfinu leggur Nanos áherslu á það að trúarlegt og félagslegt samhengi Jesúhreyfingarinnar hafi verið að finna í sýnagógum gyðinga. Þegar Páll talar um nauðsyn þess að „hlýða yfirvöldunum“ í Rómverjabréfinu 13.1–7 sé hann að vísa í sýnagógurnar sem réttmæt „yfirvöld“ Jesúhreyfingarinnar (í huga Páls). Viðtakendur Rómverjabréfsins hafi því verið e.k. undirhópur (e. *subgroup*) innan sýnagógunnar í Róm.⁶² Fáir fræðimenn, m.a.s. innan sama viðhorfs, hafa tekið undir þessa túlkun Nanos (einkum vegna „sverðsins“ í Róm 13.4) en hún hefur engu að síður opnað fyrir nánari endurskoðun á sambandi Jesúhreyfingarinnar og sýnagógunnar á 1. öld. Ennfremur hefur Nanos gagnrýnt kenningu Dunns um „þjóðernishyggju“ gyðinga á 1. öld og í raun snúið þeirri kenningu við í lestri sínum á Rómverjabréfinu: Samkvæmt Nanos er Páll einmitt að gagnrýna og reyna að kveða niður yfirlæti fólks af heiðnum uppruna gagnvart gyðingum í bréfi sínu (sbr. Róm 11.17–32), sem gæti endurspeglad raunverulega

⁵⁷ Sbr. Zetterholm, *Approaches to Paul*, bls. 161. Sjá einnig yfirlit í Mortensen, *Paul among the Gentiles*, bls. 16–37.

⁵⁸ Þess má geta að Nanos hefur undanfarin ár verið einn helsti forsvarsmaður seminarsins „Paul within Judaism“ á árlegri ráðstefnu *Society of Biblical Literature*, sem er stærsta félag biblíufræðinga í heiminum.

⁵⁹ Mark D. Nanos og Magnus Zetterholm (ritstj.), *Paul within Judaism: Restoring the First-Century Context of the Apostle*, Minneapolis: Fortress Press, 2015. Sjá ennfremur Mark D. Nanos, *The Mystery of Romans: The Jewish Context of Paul's Letter*, Minneapolis: Fortress Press, 1996; idem, *The Irony of Galatians: Paul's Letter in First-Century Context*, Minneapolis: Fortress Press, 2002; idem, *Reading Paul within Judaism: Collected Essays of Mark D. Nanos 1*, Eugene: Cascade, 2017; idem, *Reading Romans within Judaism: Collected Essays of Mark D. Nanos 2*, Eugene: Cascade, 2018; idem, *Reading Corinthians and Philippians within Judaism: Collected Essays of Mark D. Nanos 4*, Eugene: Cascade, 2017.

⁶⁰ Sbr. einnig Paula Fredriksen, „Why Should a ‚Law-Free‘ Mission Mean a ‚Law-Free‘ Apostle?“ *Journal of Biblical Literature* 134:3/2015, bls. 637–650.

⁶¹ Nanos, *Mystery*, bls. 3–8.

⁶² Nanos, *Mystery*, bls. 289–336.

atburði í Róm í tengslum við brottrekstur gyðinga úr borginni um árið 49 og endurkomu þeirra í kjölfarið (sbr. Post 18.2; Róm 16.3).⁶³ Páll vildi minna þetta fólk á að staða þess sem heiðingjar var brothætt og að það ætti að sýna trúfesti og virðingu gagnvart gyðingum og gyðingdómi.⁶⁴ Almennt má segja að hjá Nanos hverfi alveg þessi hefðbundna andstæða á milli Páls og gyðingdóms: skjólstæðingar Páls tilheyra einungis afbrigði af gyðingdómi.

Höfundur þessarar greinar hefur sjálfur lagt sitt af mörkum til umræðunnar: Í bók minni, *Paul's Interlocutor in Romans 2*, sem gefin var út árið 2003 færði ég rök fyrir því að aldalöng túlkun á 2. kafla Rómverjabréfsins sem megingagnrýni Páls á gyðinga og gyðingdóm væri byggð á röngum forsendum. Í þessum kafla ávarpar postulinn tiltekna persónu beint og sakar hana um ýmiss konar hræsni en í 2.17 virðist koma fram að sú persóna sé gyðingur. Á þeim grunni hélt hinn þekkti nýjatestamentisfræðingur C.H. Dodd því einu sinni fram að það væru „evidence enough of the terrible degradation of Jewish morals in the period preceding the Destruction of the Temple“⁶⁵ og Herman Ribberbos talaði fyrir munn margra þegar hann kallaði Rómverjabréfið 2.1–3.20 „the great indictment of Judaism“, þar sem 2.1–12 innihéldi „a telling accusation“ gegn gyðingum.⁶⁶ E.P. Sanders gat á hinn bóginn ómögulega fundið raunverulegan sögulegan bakgrunn fyrir slíkar ásakanir og komst að þeirri niðurstöðu að Rómverjabréfið 1.18–2.29 innihéldi texta sem Páll hefði alls ekki skrifað heldur væri þetta sýnagóguprédikun („a synagogue sermon“) sem á einhverju stigi hefði verið bætt við bréf postulans.⁶⁷ Eins og Klyne Snodgrass orðaði það, „even where this text has been discussed, more time has been spent explaining the text *away* than explaining it.“⁶⁸ Þrátt fyrir sumar áherslur „hins nýja viðhorfs“ á gyðinglegt samhengi Páls hélt Dunn því fram að í 2. kafla bréfsins hefði Páll verið að ávarpa „hinn dæmigerða gyðing“ („the typical Jew ... that is, the Jew per se“), sem samsvarar vel þeim Faríseum sem guðspjöll Nýja testamentisins gagnrýna svo mjög, samkvæmt Dunn. Páll er hér að ráðast gegn „dæmigerðri gyðinglegri afstöðu“ („a typically Jewish attitude“), sem hann upplifði hjá sjálfum sér sem Farísea áður en hann snerist til kristinnar trúar.⁶⁹ Annar talsmaður „hins nýja viðhorfs“, N.T. Wright, tók í svipaðan streng og hélt því fram að þegar Páll ávarpaði „gyðinginn“ í 2.17 hefði hann verið að ávarpa „sitt fyrra sjálf“. ⁷⁰ Niðurstæða rannsóknar minnar á kafla 2 í Rómverjabréfinu var hins vegar sú að sú persóna sem Páll ávarpar í textanum hafi alls ekki verið gyðingur, heldur einstaklingur af *heidnum* uppruna sem taldi sig vera og vildi kalla sig gyðing (sbr. „En ef þú *kallar* þig gyðing ...“

⁶³ Mikilvægi þessa atburðar fyrir lestur á Rómverjabréfinu er umdeilt, sjá umfjöllun í Thorsteinsson, *Paul's Interlocutor*, bls. 91–97.

⁶⁴ Nanos, *Mystery*, bls. 21–40.

⁶⁵ C.H. Dodd, *The Epistle of Paul to the Romans*, Moffatt New Testament Commentary, London: Hodder & Stoughton, 1932, bls. 39.

⁶⁶ Herman Ribberbos, *Paul: An Outline of His Theology*, þýð. John R. de Witt, Grand Rapids: Eerdmans, 1975 [þýsk útg. 1966], bls. 135.

⁶⁷ Sanders, *Paul, the Law, and the Jewish People*, bls. 123–135.

⁶⁸ Klyne R. Snodgrass, „Justification by Grace—To the Doers: An Analysis of the Place of Romans 2 in the Theology of Paul“, *New Testament Studies* 32:1/1986, bls. 72–93, hér 73 (áhersla upprunaleg).

⁶⁹ James D.G. Dunn, *Romans 1–8*, Word Biblical Commentary 38A, Dallas: Word Books, 1988, bls. 80, 90–91, 109. Svipaðar áherslur um hinn „dæmigerða gyðing“ er að finna í hinu áhrifamikla ritskýringarriti C.E.B. Cranfields, *A Critical and Exegetical Commentary on the Epistle to the Romans* 1, International Critical Commentary, Edinburgh: T&T Clark, 1975, bls. 137–138.

⁷⁰ N.T. Wright, „The Letter to the Romans: Introduction, Commentary, and Reflections“, *The New Interpreter's Bible* 10, Nashville: Abingdon Press, 2002, bls. 395–770, hér 445.

í 2.17).⁷¹ Með öðrum orðum, beinist gagnrýni Páls, líkt og í Galatabréfinu, að þeirri áherslu sumra gyðinga og annarra innan Jesúhreyfingarinnar að heiðingjar ættu að gangast undir umskurn (þ.e. karlarnir) og gerast með því fullgildir gyðingar (þó ekki í augum Páls) til að eiga möguleika á hlutdeild í sáttmála Guðs við Ísrael. Hræsni einstaklingsins sem Páll talar til í textanum sýndi og sannaði að hann var engu betri en þeir heiðingjar sem lýst er í 1.18–32, þrátt fyrir fullvissu sína um að hann væri nú, í gegnum umskurnina, orðinn góður og gildur gyðingur. Þessi niðurstaða rannsóknarinnar felur það í sér að gagnrýni Páls beindist hvorki að gyðingum *per se* né gyðingdómi, hvað þá „hinum dæmigerða gyðingi“. Hún beindist þess í stað að þeim heiðingjum sem litu á sjálfa sig sem fullgilda gyðinga, sem og að þeim ákveðnu gyðingum sem voru á annarri skoðun en Páll um aðkomu heiðingja að sáttmála Guðs við Ísrael. Ýmsir fræðimenn hafa tekið undir þessa niðurstöðu á síðustu árum⁷² en í því sambandi má sérstaklega nefna bókina *The So-Called Jew in Paul's Letter to the Romans* sem gefin var út árið 2016 og innihélt safn greina eftir hóp fræðimanna sem könnuðu hvaða áhrif þessi lestur á Rómverjabréfinu 2 hefði á aðra hluta bréfsins.⁷³

Meðal þeirra fræðimanna sem hafa fylgt þessum nýja lestri á Rómverjabréfinu 2 og séð mikilvægi hans fyrir túlkun Pálsbréfa í heild er Paula Fredriksen, prófessor emerita við Boston-háskóla og núverandi gestaprófessor við Hebreska háskólann í Jerúsalem. Fredriksen hefur verið mjög atkvæðamikil í rannsóknum síðustu ára á hinum sögulega Jesú, upphafi Jesúhreyfingarinnar í Júdeu og Galíleu og nú síðast á Páli postula og gyðinglegu samhengi hans.⁷⁴ Fredriksen leggur áherslu á það að Páll hafi verið gyðingur sem hafi aldrei haft í hyggju að skapa nýjan átrúnað (kristindóm) og hafi ekki gagnrýnt gyðingdóm frá sjónarhóli manns sem stendur fyrir utan hann. Að mati hennar er nauðsynlegt að taka tillit til eskatólógísku samhengis Páls og Jesúhreyfingarinnar (þ.e.a.s. þeirrar hugmyndar að endurkoma Kristis og umbreyting alls heimsins sé í nánd): Páll telur það kjarnaatriði að þegar Kristur kemur aftur, sem sé hvað úr hverju (sbr. Róm 13.11), séu gyðingar og heiðingjar heiðingjar. Síðarnefndi hópurinn á ekki að hafa gengist undir umskurn og gerst eitthvað annað en þeir eru, því að þeir munu frelsast sem heiðingjar, eins og þeir eru, en ekki sem gyðingar. Þeir munu m.ö.o. frelsast með Ísrael, en ekki *sem* Ísrael — „*inclusion is not 'conversion'*“.⁷⁵ Ólíkt hefðbundinni túlkun leggur Fredriksen áherslu á það að Páll *vilji* að heiðingjar lifi að gyðinga sið (e. *Judaize*), þ.e.a.s. að þeir hætti að lifa sem heiðingjar og taki upp gyðinglega lífshætti í samræmi við boðskap lögmálsins og gyðinglegra hefða — í þessum skilningi var ekki um neitt „lögmálsfrítt“ fagnaðareriði að ræða hjá Páli — en hann vill ekki að heiðingjar umskerist og lifi eins og

⁷¹ Róm 2.17: *ei de sy Ioudaios eponomazē* ... Sjá samantekt á niðurstöðunni í Thorsteinsson, *Paul's Interlocutor*, bls. 243–246.

⁷² Sjá t.d. Joshua Garroay, *Paul's Gentile-Jews: Neither Jew nor Gentile, but Both*, New York: Palgrave Macmillan, 2012; Rafael Rodríguez, *If You Call Yourself a Jew: Reappraising Paul's Letter to the Romans*, Eugene: Cascade, 2014; Matthew Thiessen, *Paul and the Gentile Problem*, Oxford: Oxford University Press, 2016; idem, „Paul's Argument against Gentile Circumcision in Romans 2:17–29“, *Novum Testamentum* 56:4/2014, bls. 373–391; Paula Fredriksen, *Paul: The Pagans' Apostle*, New Haven: Yale University Press, 2017; Mortensen, *Paul among the Gentiles*.

⁷³ Rafael Rodríguez og Matthew Thiessen (ritstj.), *The So-Called Jew in Paul's Letter to the Romans*, Minneapolis: Fortress Press, 2016.

⁷⁴ Einnig má nefna rannsóknir Fredriksen á viðhorfi Ágústínusar kirkjuföður til gyðinga: sjá bók hennar *Augustine and the Jews: A Christian Defense of Jews and Judaism*, New Haven: Yale University Press, 2008.

⁷⁵ Fredriksen, *Paul: The Pagans' Apostle*, bls. 75 (áherslur upprunalegar).

þeir væru „ekta“ gyðingar. Páll er m.ö.o. fremur íhaldssamur gyðingur með íhaldssamar hugmyndir um hinn heiðna heim (sbr. Róm 1.18–32) og lítur ekki aðeins svo á að heiðingjar eigi ekki að fylgja lögmálinu eins og þeir væru gyðingar, heldur að þeir *geti ekki* gert það vegna forsögu sinnar. Þetta er það sem barátta einstaklingsins í Rómverjabréfinu 7 snýst um: „The Law points the way, but he cannot follow. The conflicted 'P' of Romans 7 is the pagan who attempts to Judaize, that is, to fulfill the Law, *without* Christ.“⁷⁶

Meðal annarra fræðimanna sem í meginatriðum fylgja þessum nýju áherslum eru t.d. William Campbell,⁷⁷ Kathy Ehrensperger,⁷⁸ Caroline Johnson Hodge,⁷⁹ Pamela Eisenbaum,⁸⁰ Kimberly Ambrose,⁸¹ Matthew Thiessen⁸² og J. Brian Tucker.⁸³ Trúarlegur bakgrunnur þessara fræðimanna er margbreytilegur: hér má finna gyðinga, kristna (bæði mótmælendur og kaþólikka) og trúlausa. Allir ganga þeir út frá þeirri forsendu að Páll hafi tilheyrt gyðingdómi, bæði fyrir og eftir köllun sína, sem fólst í því að vera „postuli heiðingjanna“ og breiða út fagnaðarerindi Guðs um Krist á meðal þeirra.

Lokaorð

Í þessari grein hef ég gefið almennt yfirlit yfir rannsóknarsöguna og stöðu rannsókna í dag í tengslum við spurninguna um gyðinglegt samhengi Páls og þess 1. aldar fólks sem hann ávarpaði í bréfum sínum. Komið hefur fram að gyðingaandúð hefur lengi haft áhrif á túlkunarsöguna og skrumskælt boðskap postulans og að fræðimenn eru fyrst nú að átta sig á því hversu víðtæk og rótgróin þessi áhrif eru og vekja athygli á þeim. Þessir fræðimenn eru enn sem komið er í minnihluta innan pálsfræða, en fjöldi þeirra fer vaxandi, einkum í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum.

Yfirlit rannsókna hér fyrir ofan gefur tilefni til að varpa fram einu mögulegu svari við spurningunni sem sett var fram í upphafi þessarar greinar: Hvers vegna var svona „erfitt að skilja“ (2Pét 3.16) boðskap Páls strax fáeinum áratugum eftir að starfi hans lauk? Hvers vegna varð boðskapurinn svona óljós svo fljótt? Svarið er þetta: Þær nýju rannsóknir sem hér hafa verið kynntar benda til þess að það hafi gerst mjög fljótt, líklega þegar undir lok 1. aldar, að fólk hafi tekið að lesa Pál út frá „kristnu“ samhengi, í stað þess gyðinglega, undir þeim formerkjum að hér væri um

⁷⁶ Fredriksen, *Paul: The Pagans' Apostle*, bls. 122–130, hér 125 (áhersla upprunaleg).

⁷⁷ William S. Campbell, *Paul's Gospel in an Intercultural Context: Jew and Gentile in the Letter to the Romans*, Studies in the Intercultural History of Christianity 69, Frankfurt: Peter Lang, 1992; idem, *Paul and the Creation of Christian Identity*, London: T&T Clark, 2008; idem, „Paul, Antisemitism, and Early Christian Identity Formation“, *Paul the Jew: Rereading the Apostle as a Figure of Second Temple Judaism*, ritstj. Gabriele Boccaccini og Carlos A. Segovia, Minneapolis: Fortress Press, 2016.

⁷⁸ Kathy Ehrensperger, *That We May Be Mutually Encouraged: Feminism and the New Perspective in Pauline Studies*, New York: T&T Clark, 2004; eadem, *Paul at the Crossroads of Cultures: Theologizing in the Space Between*, LNITS, New York: T&T Clark, 2013.

⁷⁹ Caroline Johnson Hodge, *If Sons, Then Heirs: A Study of Kinship and Ethnicity in the Letters of Paul*, Oxford: Oxford University Press, 2007.

⁸⁰ Pamela Eisenbaum, *Paul Was Not a Christian: The Original Message of a Misunderstood Apostle*, New York: HarperOne, 2009.

⁸¹ Kimberly Ambrose, *Jew among Jews: Rehabilitating Paul*, Eugene: Wipf & Stock, 2015.

⁸² Thiessen, *Paul and the Gentile Problem*.

⁸³ J. Brian Tucker, *Reading Romans after Supersessionism: The Continuation of Jewish Covenantal Identity*, New Testament after Supersessionism, Eugene: Cascade, 2018.

andstæðupar að ræða — postulinn hafi verið tekinn úr sínu sögulega samhengi. Þetta hafi orsakað sögubrenslun og tímaskekkju sem hefur gruggað vatnið allar götur síðan. Ein af stærstu áskorunum pálsfræða í dag er einmitt að leiðrétta þessa grundvallarskekkju. Páll var vissulega „kristinn“ í þeirri merkingu að hann trúði því og treysti að Jesús frá Nasaret væri hinn gyðinglegi messías en hann var ekki „kristinn“ í þeirri merkingu að hann hefði orðið eitthvað annað en gyðingur þegar hann sannfærðist um þetta. Hugtökin „kristnir“ og „kristindómur“ voru ekki til í hugmyndaheimi postulans. Með öðrum orðum, Páll sneri aldrei baki við gyðingdómi, heldur var hann og hélt ætíð áfram að vera gyðingur.